

214. fundur ípróttá- og tómsfundanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. október 2020
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Elisabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Baldvina Karen Gísladóttir aðalmaður, Gylfi Ólafsson aðalmaður og Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður.

Embættismenn:

Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti ípróttá- og tómsfundanefndar - 2014030027

Verkefnalisti ípróttá- og tómsfundanefndar lagður fram til kynningar.

Verkefnalisti kynntur.

2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032

Lögð fram gjaldskrá ípróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021.

Gjaldskrá lögð fram til kynningar og vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

3. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032

Lögð fram gjaldskrá ípróttamannvirkja til HSV.

Gjaldskrá lögð fram til kynningar og vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

4. Samningur við foreldrafélag skíðabarna - 2020100052

Lagður fram samningur við foreldrafélag skíðabarna síðan 2002 til endurskoðunar.

Lagður fram til kynningar. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Uppbyggingasamningar 2020 - 2019080035

Lagt er fram minnisblað sviðsstjóra ípróttá- og tómsfundasviðs um tillögu til samþykktar á breytingu á uppbyggingasamningum til eins árs 2021.

Ípróttá- og tómsfundanefnd leggur til að breytingar á tillögu sviðsstjóra á uppbyggingasamningum verði þannig að bæði verði hægt að nýta til uppbyggingar eða taps vegna Covid-19 á árinu 2020 og ípróttafélög geti sótt um bæði.

Mikilvægt er að koma til móts við félög sem hafa orðið fyrir höggi vegna Covid-19. Eftir fyrstu bylgju faraldursins kom ríkið með fjármagn inn til ÍSÍ til að standa straum af kostnaði ípróttafélagana. Miðað við frétt frá ÍSÍ sem birtist þann 03.09.2020 er það ósk sambandsins að ríkið komi einnig til móts við ípróttafélög vegna bylgjunnar sem nú er í gangi. Telur ípróttá- og tómsfundanefnd því mikilvægt að bíða og sjá hvernig og hvort ÍSÍ fái fjármagn sem ípróttafélög geti sótt um vegna

bylgju tvö og þrjú.

6. Endurskoðun á samstarfssamning 2020 - 2019110044

Lagður fyrir samstarfssamningur Ísafjarðarbæjar og HSV fyrir árið 2021 til samþykktar með viðaukum.

Íþróttá- og tómstundaneftnd samþykkir samstarfssamning með viðaukum og leggur til samþykktar í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Baldvina Karen Gísladóttir

Gylfi Ólafsson

Kristján Þór Kristjánsson

Stefanía Helga Ásmundsdóttir